

L Ö G

7

5. jan.

um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að ábyrgjast lán, er Neskaupstaður tekur til byggingar sildarbræðslustöðvar.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að ábyrgjast lán, er Neskaupstaður tekur á árinu 1934, að upphæð allt að 70000 krónur, til þess að reisa sildarbræðslustöð í sambandi við fiskimjölsverksmiðju kaupstaðarins, enda setji kaupstaðurinn þá tryggingu fyrir ábyrgðinni, er ríkisstjórnin telur nægja.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 5. janúar 1934.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Ásgeir Ásgeirsson.